



Antoine Pinay og úrræði Frakka

Lýðveldi með númerum

„Sagan endurtekur sig“ og „sagan endurtekur sig aldrei“ eru álíka sannar fullyrðingar. Spurningin er aðeins í hverju tilfelli hvaða hluti sögunnar endurtekur sig?“

G. M. Trevelyan

Að morgni mánudagsins 29. des. s. l. urðu mikil tíðindi í Frakklandi. Áður en frá þeim verður skýrt, þykir rétt að rissa upp dálitinn bakgrunn atburðanna með því að stikla á einum eða tveim kapitulum í Frakklandssögu, en til þeirra má rekja söguþráð líðandi stundar.



Antoine Pinay

Miðaldamáltak segir, að Guð hafi gefið Ítölum páfadóminn, Þjóðverjum keisaradóminn og Frökkum lærdóminn. Víst hafa Frakkar löngum þótt lærðir vel og rökhyggjumenn, enda gerzt lærifeður annarra þjóða í mörgu, þar á meðal félagsvísindum. Þar hefur heldur ekki

setið við fræðikenningar einar heldur þjóðfélögum verið umbreytt, og það þó blóðugar byltingar hafi kostað. Þar hófst lýðstjórn fyrst til vegs, og vagga evrópsks þingræðis, sem fyrst var búin við Ermarsund, stóð öðrum fæti á frjórri grund franskra lýðræðishugsjóna, en hinum á klettaströnd brezkra erfðavenja.

Svo viðbragðsfljótir sem Frakkar hafa virzt til nýmælanna, hafa þeir ekki verið að sama skapi þolgóðir við að þrautreyna gagnsemi þeirra. Þess ber saga franskra lýðveldisins merki, því að á rökri hálfri annarri öld hefur fimm sinnum verið stofnað til lýðveldis þar í landi.

Fyrsta franskra lýðveldið var grundað í frönsku byltingunni, 21. sept. 1792, og lauk því með valdatöku Napóleons í nóvember 1799. Annað lýðveldið kom til sögunnar 10. desember 1848, er Lúðvík Napóleon var kjörinn forseti, og lok þeirrar stuttu sögu urðu, er hann gerðist keisari 2. desember 1852 og tók sér heitið Napoleon III. Eftir ósigur Frakka fyrir Þjóðverjum í orrustunni við Sedan, var svo lýðveldi númer þrjú hleypt af stokkunum 4. september 1870. Reyndist það langlífast og hélt velli, þar til Pétain marskalkur kom á laggirnar stjórn sinni í Vichy í júní árið 1940. Hinn 7. nóvember 1944 var tilkynnt fjórða skráning franskra lýðveldisins undir forsæti De Gaulles hershöfðingja, enda þótt það tæki ekki formlega gildi á franskri storð fyrir en 24. desember 1946. Hinn 8. janúar 1959 hálfnaði svo Frakkland sinn lýðveldatug, þegar De Gaulle gekk í forsetahöllina sem rétt kjörinn forseti Frakklands og kvaddi René Coty, hógværan fyrirrennara sinn og þann, er í haginn bjó, með þeim orðum, að hann væri „mikill borgari“, og þá sjálfur að skilnaði hyllingu Cotys, sem með galliskri orðkynngi lýsti því yfir, að „nú væri hinn fremsti meðal franskra æðsti maður Frakklands.“

„Það er til lítils að vera ungur —“

„Franskir forsætisráðherrar verða að kunna listina að falla, ef þeir vilja halda áfram á stjórn málabrautinni.“

Der Spiegel

Það hefur oltið á ýmsu um stjórn franskra lýðvelda. Sameinkenni þeirra allra er þó, að stjórnir hafa verið valtar og skammlífar. Ein ríkisstjórn Herriots lifði aðeins í þrjá daga, en

algengur meðalaldur hefur verið um 8 mánuðir. Árið 1936 var mynduð hundraðasta ríkisstjórnin á starfsferli þriðja franska lýðveldisins, og á fjórtán ára skeiði fjórða franska lýðveldisins urðu ríkisstjórnirnar 25. Þessar tölur gefa þó ekki alveg sanna mynd af írafári franskra stjórn mála; með þeim er ringulreiðin eilítið ýkt, því að eins og Barthou mun einhverntíma hafa sagt á fundi gamla Þjóðabandalagsins í Genf, „þá hefur hvert land sínar siðvenjur, sum halda stöðugt sömu stefnu þrátt fyrir eilífar manna-breytingar í embættum, önnur halda sömu mönnum í ráðherrastólum, en eru alltaf að breyta um stefnu.“ — Þar við bætist svo, að manna-breytingar í frönskum ráðuneytum hafa verið snöggjum færri en aragrúi ráðuneytanna gæti gefið til kynna, enda sumir kunnir þjóðmálaskörungur þar í landi átt langsetur í ráðherrastólum. Í þau 28 ár, sem Briand sat á þingi, var hann t. d. ráðherra í 16 ár og þar af forsætisráðherra í fimm ár. Poincaré var í um tíu ár ýmist forsætisráðherra eða forseti Frakklands, og í 28 ár samfleytt gegndu aðeins fjórir menn, Delcassé, Pichon, Poincaré og Briand, störfum utanríkisráðherra.

Þá er þess og að gæta, að stjórn Frakklands hefur allt frá dögum Richelieus kardinála ekki verið fyrst og fremst í höndum þinga og ríkisstjórna, heldur hefur franska ríkisbáknið lifað nokkuð sjálfstæðu og samfelldu lífi, sem tryggt hefur verið af harðskólaðri embættismannastétt. Þessi embættismannakjarni hefur verið alinn upp til síns hlutverks í „hinum miklu skólum“. Einn þeirra er Ecole Libre des Sciences Politiques í París. Hann var stofnaður árið 1871, m. a. með það fyrir augum að rétta Frakka úr kútnum eftir ófarirnar í frönsk-þýzku styrjöldinni. Þessi skóli undirbjó um áratugi allt að 90% franskra embættismanna undir lífsstörf þeirra. „Hinir miklu skólar“ voru menntastofnanir úrvalsins, kröfuharðir, en árangursríkir við almenna fræðslu og mótun skapgerðar. Í þessa skóla innritast menn eftir stúdentspróf, 17—18 ára að aldri, og sitja á bekkjum þeirra í 5—6 ár og lifa við strangleika hálfgerðs munkalífs.

En þrátt fyrir slíkt úrvalsið embættismanna hefur festuleysið í frönskum stjórn málum aukizt í æ ríkari mæli og haft stöðugt uggvænlegri áhrif á efnahag og fjármál þjóðarinnar; þannig hefur gengi frankans t. d. verið fellt 11 sinnum

á 21 ári. Margóft hefur verið reynt að spyrna við fótum og ná samkomulagi um lausn vandamálna á örlagastundu, og oft hefur voðanum verið bægt frá eða vandinn leystur í bili. — Þegar allt sýndist á hverfanda hveli, var leitað til ungu mannanna og nemenda „hinna miklu skóla“ um úrræðin. Af ungu mönnunum má fyrst telja þá Edgar Faure og Mendes-France. Þeir eru jafnaldrar, Faure fæddur 1908, en Mendes-France 1907. Edgar Faure varð forsætisráðherra árið 1952 og reyndi hann með ýmsum skynsamlegum ráðstöfunum að hemja verðbólgu, en stjórn hans féll á skattafrumvarpi sínu. Mendes-France, sem var sprenglærður hagfræðingur, tók við stjórnartaumunum 1954, en utanríkis- og nýlendumálin urðu honum að falli.

Á árunum 1957 og 1958 kom svo til kasta langskólamannanna frá Ecole Libre des Sciences Politiques. Það var þá fyrst Bourges-Maunory og síðar Félix Gaillard, sem varð forstætisráðherra í byrjun árs 1958. Hann var aðeins 38 ára, er hann myndaði ráðuneyti sitt og þar með yngsti forsætisráðherra Frakklands í 100 ár. Nánustu samráðherrar hans, Bourges-Maunory (43 ára), Chaban-Delmas (43) og Maurice Faure (36 ára), voru allir ungir menn og skólabræður hans. Það stóðu töluverðar vonir til þessa ráðuneytis. Búið var við, að Gaillard tæki efnahagsmálin föstum tökum, því að gárungarnir sögðu um hann, að í stað hjarta hefði hann reiknivél. En nemendur „hinna miklu skóla“ reyndust ekki öðrum neitt ratvísari úr ógöngum hinnar pólitísku og efnahagslegu flækju. Gaillard skorti pólitískar forsendur til þess að leysa fjármálavandann. Hann mætti nýjum og gömlum viðfangsefnum aðeins með hefðbundnum bjargráðum, og viðtökur þings og þjóðar voru hroll-kuldalegar. Við umræðurnar í þinginu var hrópað til hans: „Það er til lítils að vera ungur, ef maður fylgir stefnu hinna gömlu.“

Stjórn skólamannanna fékk ekki hljómgrunn hjá alþýðu manna, og féll hún í aprílmánuði 1958. Það má til fróðleiks skjóta því hér inn, að Chautemps var fyrsti og líklega eini forsætisráðherra þriðja franska lýðveldisins, sem sagði af sér án þess að falla á þingi (1934). — Gaillard upplifði nú það stolta augnablik, sem margur franskur forsætisráðherra hefur notfært sér til þess að opinbera meiri heiðarleika, víðsýni og óeigingirni en þeir höfðu kjark til þess að sýna í valdasessi,

því að fallandi forsætisráðherra, sem ekki vill drýgja pólitískt sjálfsmorð, verður í Frakklandi að „taka sig út“ í ræðustóli, þegar hann kveður. Hann verður að kunna listina að falla. Felix Gaillard, nemandi „hinna miklu skóla“, kunni sig, enda var honum óspart klappað lof í lófa, er hann lauk máli sínu með orðunum: „Þið munuð fella stjórn mína. Það mun koma ný stjórnarkreppa. Hvaða fjármála- og efnahagsörðugleika mun sú kreppa hafa í för með sér? Við hvaða þingmeirihluta mun næsta stjórn styðjast? Og hver mun verða hennar stefna?“

Sútarinn frá Sankti Symphorien

„Frakinn hefur hjartað vinstra megin, en budduna hægra megin.“

André Siegfried.

Þá er tími til komin, áður en lengra er haldið, að greina dálítið frá einni persónu, sem mjög kemur við sögu í þessu greinarkorni. Það er Antoine Pinay. Hann er franskur sveitamaður, fæddur 30. des. 1891 í smáþorpinu Saint Symphorien-sur-Coise í Rhone-dalnum. Sjálfur taldi hann sig í upphafi til iðnaðarstéttar, eins og bakarasonurinn Daladier, sem einnig er fæddur í Rhone-dalnum, en báðum rann þó blóð til bændastéttarinnar. Litlar sögur fara af einkalífi Pinays, svo að það verður ekki rakið hér, heldur aðeins getið um nokkra helztu áfangana á opinberum starfsferli hans.

Pinay tók þátt í fyrri heimsstyrjöld, særðist og var sæmdur heiðursmerkjum fyrir vasklega framgöngu. Að ófriði loknum hélt hann heim í sinn dal og sneri sér að sútaraiðn, stofnaði sútnarfyrtæki og leðurgerð. Varð hann brátt afhafnasamur iðnrekandi og kaupsýslumaður í þeirri grein og var kjörinn til trúnaðarstarfa og forustu í samtökum leðurframleiðenda í Loire-héraði. Styttist þá leiðin til annarra opinberra mannvirðinga og þátttöku í þjóðmálum. Var hann fyrst kjörinn borgarstjóri í heimabæ sínum Saint-Chamond og síðar í Loire-héraðsstjórnina, og í fulltrúadeild franska þjóðþingsins var hann kosinn árið 1936. Bauð hann sig fram fyrir Óháða radikalaflokkinn og var kosinn í Loire-kjördæmi. Á árunum 1938—40 var hann senator fyrir Loire-kjördæmi og gegndi þá varaformennsku í pólitískum samtökum, sem nefndust Lýðræðisbandalagið. Hann var einn í hópi þeirra 568 þingmanna, sem samþykktu hið sérstaka

valdaumboð Pétains marskáls, og átti hann sæti í skammlífri þjóðstjórn Pétains. En þegar Þjóðverjar hernámu landið, tók hann harða afstöðu gegn þeim og hvarf frá þátttöku í frönskum stjórnámálum, þar til eftir stríð. Þá tók hann þátt í myndun hægri flokks, sem bar nafnið Óháði lýðveldisflokkurinn og var fljótlega aftur kjörinn á þing, og árið 1948 varð hann efnahagsmálaráðherra í stjórn Queuilles. Síðan varð hann ráðherra í fjórum ráðuneytum, þeirra Plevens, Queuilles og Faures á árunum 1950—52. Hinn 8. marz 1952 myndaði Antoine Pinay ríkisstjórn og gegndi auk forsætisráðherraembættisins störfum efnahags- og fjármálaráðherra. Gerði ráðuneyti Pinays eina alvarlegustu tilraunina, sem fram til þessa hafði verið gerð í Frakklandi eftir ófriðinn, til þess að stöðva dýrtíð og verðbólgu, en þrátt fyrir verðstöðvun um stundarsakir tókst tilraunin ekki. Árið 1955 varð Pinay utanríkisráðherra í stjórn Edgars Faures, og 1. júní 1958 varð hann efnahags- og fjármálaráðherra í ráðuneyti De Gaulles hershöfðingja.

Antoine Pinay er ekki einn af hinum litríku stjórnámálamönnum Frakklands á borð við sælkerann Herriot, lýðskrumarann Blum eða mælskumanninn Briand. Hann hefur því heldur ekki hlotið neitt viðurnefni, eins og mjög hefur tíðkast um franska stjórnámálamenn, svo sem „Tígrisdýrið“ (Clemenceau), „Hákarlinn“ (Tardieu), „Skýjakljúfurinn“ (Flandin) og „Nautið“ (Daladier). Sjálfur telur hann sig ekki fyrst og fremst vera stjórnámálamann, heldur kaupsýslumann. Pinay hefur ekki skrifað neinar bækur og sárafaár blaðagreinar; hann er heldur enginn fræðimaður né kenningasmiður á sviði hagvísinda eða fjármála. Víst er þó, að hvað lífsskoðun og fjármálastefnu snertir hefur hann bæði hjarta og buddu hægra megin, þótt öðrum Frökkum sé tamt að skjóta þessu nokkuð hvoru til sinnar hliðar. Ræður hans bera vott um óbrotna hugsun og einfalt mál, og virðist hann eiga afar hægt með að gera flókin mál einföld og setja fram hugmyndir sínar um kjarna efnahagsmálanna svo útúrdúralaust, að hverju meðalgreindu mannsbarni verði auðskilið. — Þetta er haft eftir Clemenceau: „Briand veit ekkert, en skilur allt; Poincaré veit allt, en skilur ekkert.“ Hvorugt á við um Pinay, en trúlega bæði veit hann og skilur töluvert margt og hefur jafnframt áráði

til þess að hagnýta sér hvorttveggja og framfylgja skoðunum sínum, og það eru mannkostir, sem geta orðið Frökkum mikilsvirði í glímunni við erfið vandamál nánustu framtíðar.

Við beð sjúkrar móður

„Það er leiðinlegt, að svo mikill maður skuli vera svo illa uppalinn.“

Talleyrand um Napóleon

Það syrti ört að í landi sólkonungsins. Efnahagsmálin urðu æ torleystari, og utanríkismálin voru á góðum vegi með að hlaupa í óleysanlegan hnút. Hallinn á ríkisbúskapnum varð mikill árið 1956, en árið 1957 varð halli fjárlaga þó enn meiri. Á árinu 1956 tókst ríkinu að afla sér riflegra lána til langs tíma til þess að jafna hallann, en árið 1957 reyndist þessi leið ekki fær, og varð að grípa til þess óyndisúrræðis að stórkauka yfirdrætti hjá Frakklandsbanka. Allt árið 1957 var því verðbólgan í fullum gangi. Frá júní 1957 til janúar 1958 hækkaði vísitala heildsöluverðs um 13,3%, og framfærslukostnaður jókst á sama tíma um 14,2%. Utanríkisverzlunin var óhagstæð og reynt var að halda innflutningi í skefjum með höftum.

Í byrjun árs 1958 greiddist þó nokkuð úr fjármálavandræðunum, og var það m. a. fyrir tilverknað efnahagsaðstoðar frá O.E.E.C. og Alþjóða gjaldeyrissjóðnum. Vegna þessa og verðhjöðnunarstefnu ríkisstjórnanna dró úr verðbólgunni fyrri hluta 1958, og fjárhagur ríkisins fór batnandi, en engu síður voru utanríkisviðskiptin þó áfram mjög öndverð og stórlega skorti enn á allt efnahagslegt jafnvægi í landinu.

Þótt heldur vænkaðist hagur Frakka á sviði efnahagsmálanna, keyrði um þverbak í stjórnmalunum og þá fyrst og fremst á sviði utanríkis- og nýlendumála, og þar kom að því, að segja mátti um ástandið eins og Robert Schuman orðaði það á sínum tíma: „Þetta eru ekki stjórn-mál, heldur stríð.“ — Uppreisn hersins í Alsír var bein ógnun um stríð og heima í Frakklandi voru stjórnmalamennirnir tvístígandi og sundurþykkir og í svipuðu hugarástandi og Herriot, er hann friðmæltist við Poincaré og sagði: „Við megum ekki rifast yfir sjúkrabeði móður okkar.“ Ástandið var í sjálfu sér talsvert áþekkt því, þegar rómversku legiónirnar gerðu uppreisnir í skattlöndunum, marséruðu til Róma-borgar, tóku völdin af ráðlausum senötum og

dubbuðu sigursæla generála til keisara. — Nú stóð De Gaulle við sitt Rubicon-fljót, og teningunum var kastað, þegar franska þingið samþykkti 1. júní 1958 með 329 atkvæðum gegn 224 að veita honum stuðning sem forsætisráðherra.

Mynd De Gaulles hafði um árábil varpað skugga sínum á franskar stjórnir og beint eða óbeint orðið mörgum þeirra að falli. Að vissu leyti hefði De Gaulle getað sagt eitthvað svipað og Talleyrand varð að orði, þegar Lúðvík XVIII. spurði hann, hvernig hann hefði farið að því að steypa direktóratinu af stóli og síðan Napóleon: „Herra minn, ég gerði ekkert til þess; það er bara eitthvað óskýranlegt í mér, sem færir öllum stjórnnum, sem forsmá mig, ógæfu.“ Það er svo önnur hlið á sama máli, að ýmsir stjórnmalamenn Frakklands geta sjálfsagt hugsað sér að heimfæra fleiri spakmæli hins vísa Talleyrands upp á De Gaulle, eins og t. d. þau, er hann eitt sinn hreytti út úr sér um leið og hann strunzaði af fundi Napóleons: „Það er leiðinlegt, að svo mikill maður skuli vera svo illa uppalinn,“ því að valdataka De Gaulles er óneitanlega mjög berhögg í garð þess anda, sem uppeldi „hinna miklu skóla“ er ætlað að skila nemendum sínum í veganesti.

Þeir voru báðir hershöfðingjar, Napóleon og Georg Washington, og báðir hlutu að nokkru í krafti herfræðdar sinnar æðstu völd þjóða sinna. Napóleon náði völdum með tilstyrk hersins og hélt þeim fyrir atbeina hersins og var steipt af stóli með hervaldi. Georg Washington hlaut aftur á móti að eigin sögn „veraldarinnar mestu verðlaun: viðurkenningu og ást frjálsrar þjóðar.“ En svarið við spurningunni um örlög og árangur hins 68 ára hershöfðingja, er nú hefur hlotið æðstu völd Frakklands, geyma þau blöð sögunnar, sem enn hefur ekki verið flett.

Sannleikurinn og strangleikinn

„Heiðarleiki og festa er allt og sumt, sem ég get lofað; við það mun ég standa, hvort sem ferðin verður lengri eða skemmri, og enda þótt ég verði yfirgefinn af öllum.“

Georg Washington, er hann var kjörinn forseti.

Á þeim átján mánuðum, sem De Gaulle gegndi forsetaembætti á árunum 1945—46, fór fjármálastjórn landsins engu síður úrhendis en hjá

öðrum frönskum ríkisstjórnnum, verðbólgan geis-
aði og fjórði hluti ríkisútgjaldanna fóru til hers-
ins, en þegar til stóð að skera hernaðarútgjöldin
niður, sagði De Gaulle af sér. Þær vonir manna,
að reynt verði að fóta sig á vettvangi efnahags-
málanna í Frakklandi eftir valdatöku De Gaulles,
eru því ekki tengdar neinni oftrú á fjármálaviti
forsetans, heldur eiga þær rætur sínar að rekja
til almenns, vaxandi trausts á stjórnarfarinu
og álits á hæfni þeirra manna, sem forsetinn
hefur valið til þess að hafa sér til ráðuneytis um
stjórn efnahags- og fjármála, og má þar fyrstan
telja fjármálaráðherrann, Antoine Pinay.

Til þess að ákveðnar efnahagslegar aðgerðir
takist, er nauðsynlegt, að fyrir hendi sé hið rétta
pólitíska andrúmsloft. Pierre Mendes-France,
sem sérstaklega hefur undirstrikað þýðingu sál-
fræðilegra atriða í sambandi við búskaparstarf-
semina, hefur orðað þetta þannig: „Það er vissu-
lega rétt, að mannlegar framfarir byggjast ekki
eingöngu á skynsamlegum vinnubrögðum, heldur
geta þær einnig verið komnar undir þeirri hrifn-
ingu, sem tekst að vekja fyrir framförunum.“ —
Þannig var þetta í Frakklandi; valdataka De
Gaulles skapaði þann siðferðilega grundvöll, sem
var nauðsynleg undirstaða aðgerðanna í efna-
hagsmálunum.

Pinay fór í fyrstu hægt í sakirnar. Hann
hefur sjálfur sagt í ræðu, að í júní hefði ekki
verið fært að grípa umsvifalaust til róttækra
aðgerða, og því hefði hann notað fyrstu sex
mánuði stjórnarsetu sinnar til undirbúnings-
starfa. Á þeim tíma hefði stjórninni tekizt að
róa verðlagið. Frá maí til nóvember hefði smá-
söluverð aðeins lækkað um 1,5% og heildsölu-
verð um 3,4%. Aukið traust þjóðarinnar til
stjórnarinnar hefði getið af sér vaxandi sparnað,
og meira jafnvægi komizt á utanríkisviðskiptin,
t. d. hefði verzlunarjöfnuðurinn í október og
nóvember verið sá hagstæðasti um þriggja ára
skeið. „Þetta var árangur af þolinmóðu starfi
okkar án meiri háttar aðgerða,“ segir Pinay. En
til undirbúnings hinum veigameiri ráðstöfunum
setti Pinay 30. september á laggirnar nefnd sér-
fræðinga undir forustu Jaques Rueff, viður-
kennds sérfræðings í efnahagsmálum, sem m. a.
hafði verið ráðgjafi Poincarés við lausn efna-
hagsvandamálanna árið 1920 og hlaupið undir
bagga með Laval í erfiðleikunum árið 1930.

Þeir Rueff og félagar hans sömdu tillögur og



„Hei, Jóí, vissir þú að
Sókrates, Galileo,
Gandhi og Churchill
hafa allir verið í
fangelsi?“

skiluðu álitsgerð. De Gaulle hitti Ludwig Er-
hard efnahagsmálaráðherra Þýskalands í Bad
Kreuznach og ræddi við hann frönsk vandamál
og kynnti sér þýzk úrræði. Franz Etzel fjár-
málaráðherra Þýskalands og einkavinur Erhards
flaug til Parísar og færði Pinay tilboð um efna-
hagslegan stuðning — 252 milljónir DM, — við
ráðgerðar fjármálaframkvæmdir Frakka. Hver
atburðurinn rak annan, enda sandurinn senn að
renna úr tímaglasinu, því að 1. janúar 1959 átti
að hefjast innbyrðis tollalækkun landanna sex,
sem standa að „sameiginlega markaðnum“ og
á hverri stundu mátti vænta þess, að Bret-
ar og Þjóðverjar lýstu yfir takmörkuðu yfir-
færslufrelsi á myntum sínum, hvorttveggja
aðgerðir, sem gátu haft ófyrirsjáanlegar afleið-
ingar fyrir fjármál Frakklands að öðrum kring-
umstæðum óbreyttum, jafnvel leitt til algers
efnahagslegs hruns, ef ekkert yrði að gert.

Á tveim löngum ráðuneytisfundum voru til-
lögur efnahagsmálanefndar Rueffs ræddar og
að lokum samþykktar lítið breyttar, þó varð
niðurskurður á fjárlögum minni en nefndin ráð-
lagði og sömuleiðs var opinber fjárfesting ekki
minnkuð í samræmi við tillögur nefndarinnar.
Þriðja dag jóla fluttu þeir De Gaulle og Antoine
Pinay svo þjóðinni boðskap sinn í útvarpi.

De Gaulle boðaði þjóðinni nýja stefnu í efna-
hagsmálum, sem einkennast myndi af „vérité
et sévérité,“ — sannleika og strangleika. —

Pinay sagði meðal annars, að Frakkar hefðu
lifað um efni fram, atvinnuvegunum hefði verið
fleytt áfram með „innlendri verðbólgu og erlendu
betli“. Ef ekki yrði snúið við blaði, væri ekkert
framundan nema verðbólga og vergangur. Hann
benti mönnum á, „að þeir, sem neyta hlutanna,
eiga að greiða þá“ og „að framleiðslu og þjón-

ustu ber að selja á réttu verði.“ Ennfremur sagði hann: „Frakkland vill ekki daga uppi í fortíðinni, þegar Evrópa lítur framtíð sína í bjarma nýs dags.“ Tilætlunina með hinum nýju ráðstöfunum kvað hann vera, „að skipa Frakklandi aftur í röð efnahagslegra stórvelda.“ — „Pólitísku byltingunni, sem þið þegar merkið í aukinni reglu, mun verða fylgt eftir af efnahags- og fjármálabyltingu, sem þið einnig munuð verða varir við í aukinni reglu á því sviði.“ — „Sú stefna, sem ég túlka, miðar að varanlegum jafnvægisbúskap í Frakklandi. Framkvæmd viðreisnarinnar mun verða í áföngum.“ —

Að morgni dags

„Engar umbætur án tilraunar, engin endurreisn án fórna.“

Le Monde.

Að morgni mánudagsins 29. desember 1958 komu svo hinar nýju efnahagsráðstafanir frönsku stjórnarinnar til framkvæmda. Þær voru þessar helztar:

1. Gengisfelling
2. Yfirfærslufrelsi
3. Afnáam innflutningshafta
4. Stýfing á niðurgreiðslum
5. Afnáam vísitölugreiðslna á kaupgjald
6. Halli fjárlaga minnkaður
7. Nýir skattar og brotnám skattaívilnana

Verða einstakir þessara liða skýrðir hér lítils háttar:

1. *Gengisfelling*: Gengisskráningu frankans var breytt þannig, að í stað 420 franka á móti Bandaríkja-dollara koma nú 493 frankar. Þannig hefur gengi erlendrar myntar hækkað um 17,55%, en gengi frankans verið fellt um 14,93%; miðað við gull verður gengi frankans 1,8 milligramm. Með þessum aðgerðum mun misgengi frankans við flestar eða allar myntir hverfa, og ef verðlag breytist ekki því meir, munu franskar vörur nú verða samkeppnisfærar á hinum sameiginlega markaði þjóðanna sex, sem til starfa tók einmitt núna um áramótin.

2. *Yfirfærslufrelsi*: Þeir Butler og Erhard fjármálaráðherrar Bretlands og Þýskalands höfðu árið 1954 ákveðið að keppa að því að koma á frjálsri yfirfærslu á myntum landanna. Amory, núverandi fjármálaráðherra Breta, tók málið

að nýju upp á fundi O.E.E.C. í París á árinu 1958. Frakkar og 9 önnur lönd, sem ráða yfir samanlagt um 40% heimsviðskiptanna, hafa nú horfið að takmörkuðu yfirfærslufrelsi, þ. e. a. s. öllum eigendum erlendra inneigna í sérhverju landanna er frjálst að yfirfæra þær í mynt annarra ríkja. Er þetta talinn mjög merkur áfangi á leið til frjálsari heimsviðskipta. Þýzka markið hefur t. d. ekki verið frjálst yfirfæranlegt frá því að „neyðarlög“ Brünings voru gefin út árið 1931. Bretar gerðu tilraun með yfirfærslufrelsi árið 1947, í stjórnartíð jafnaðarmanna, en eftir sex vikna tilraun var svo á gjaldeyrisvarasjóðina gengið, að takmarka varð yfirfærslur að nýju.

Þessum aðgerðum á gjaldeyrisviðinu var nú víðast fagnað, t. d. sagði Ludwig Erhard: „Hver getur ásakað mig fyrir, að ég finn til djúprar persónulegrar ánægju? Þegar öllu er á botninn hvolft, var það ég, sem fyrir átta árum, í heimi eyðileggingar, skipulagsleysis og vantrúar, boðaði yfirfærslufrelsi.“ Brezkir jafnaðarmenn taka yfirfærslufrelsinu hins vegar heldur hryssingslega. Hugh Gaitskell sagði m. a. á þingi: „Þetta eru alvarleg mistök, — áður en langt um liður munum við sjá eftir þeim.“ Og í *New Statesman* 3. janúar s. l. ritar Harold Wilson grein, sem lýkur með þessum orðum: „Það kann svo að fara, að sameiginlegi markaðurinn og fjármálaaðgerðir síðustu viku (yfirfærslufrelsið) hafi í för með sér endalok efnahagslegs sjálfstæðis Frakka, og að dr. Adenauer og dr. Erhard kunni að ná þeim árangri með utanríkispólitík þýzka marksins, sem Hitler tókst ekki að ná með vopnavaldi.“

3. *Afnám innflutningshafta*: Vegna þáttöku í sameiginlega markaðinum lækkuðu Frakkar alla tolla á vörum frá aðildarlöndum um 10%, en jafnframt felldu þeir niður innflutningshöft á 90% af innfluttum vörum frá 16 O.E.E.C.-löndum, jafnframt því að 50% af innflutningi frá dollara-svæðinu er gefinn frjáls. Hefur þetta í för með sér frjálsan innflutning á um það bil 900 vörutegundum.

4. *Niðurgreiðslur hverfa*: Niðurgreiðslur voru afnumdar á kolum, gasi, rafmagni, flutningum, landbúnaðarvörum og öðrum matvælum. Nam þessi niðurgreiðslustýfing um 10 milljörðum íslenskra króna.

5. *Vísitölukerfið afnumið*: Greiðsla vísitölu-

álags á kaupgjald var afnumin. Þó munu allra lægstu launin fylgja áfram vísitölunni, en þau voru jafnframt hækkuð um 4,5% og urðu um 700 þúsund verkamenn aðnjótandi hennar.

6. *Halli fjárlaga minnkaður*: Áætlaður halli fjárlaga fyrir árið 1959 var áður en hinar nýju aðgerðir komu til um 40 milljarðar ísl. kr., en var nú skorinn niður um helming.

7. *Nýir skattar og brotnám skattaívilnana*: Skattaívilnanir til landbúnaðarins voru minnkaðar og nýir neyzluskattar lagðir á m. a. kaffi, te, tóbak, vín, áfengi, og eru þeir taldir nema um 10 milljörðum ísl. króna. Einnig er gert ráð fyrir nýjum eyðsluskatti, sem jafnað skal á með tilliti til íburðar og ytri ásýndar velmegunar. Þannig er t. d. gert ráð fyrir að hækka upp skattskyldar tekjur manna eftir ákveðnu mati, ef þeir eiga bifreið, lystisnekkju, reiðhest, sumarbústað, hafa þjónustufólk o. s. frv.

Þessi var árbíturinn, sem De Gaulle bar á borð frönsku þjóðarinnar að morgni mánudagsins 29. desember, og heiti hans á matseðlinum var „Vérité et sévérité“. Eftir er að sjá, hvernig hann fellur í franskan smekk.

Vegurinn milli rauðrar eyðimerkur og svartra frumskóga

„Í hörðum og erfiðum heimi, þar sem helgum menningarverðmætum okkar, kristnum og húmanistiskum, er ógnað, verðum við að skapa Frakklandi nýjar stofnanir samboðnar hlutverki þess og ábyrgð.“

Pinay um hina nýju stjórnarskrá Frakklands.

Minnugir svörtuskóga fjármálaspyllingar Stávkísky-tímabilsins og eyðimerkurgöngu hinnar rauðu alþýðufylkingar þeirra Blums og Tórez, hafa Frakkar nú valið meðalvegin, enda ekki seinna vænna a. m. k. að dómi Pinays, sem segir: „Ef við hefðum ekki tekið þessa ákvörðun um að endurskipuleggja stefnu landsins í fjármálum, efnahagsmálum og peningamálum, hefðu skuldir þjóðarinnar rokið upp úr öllu valdi og yfir hefði vofað gjaldprot, sambærilegt við það hrun, sem gekk yfir sumar þjóðir Mið-Evrópu fyrir 30 árum.“

Frakkar hafa nú kynnt því, hvað felst í orðunum „sannleikur og strangleiki“. Sannleikurinn þýðir, að hulunni hefur verið svipt af innviðum

fransks efnahagslífs, og strangleikinn felur í sér afnám niðurgreiðslna, verðbóta, styrkja, skattaívilnana og vísitöluuppbóta að viðbættum nýjum sköttum. Þessar aðgerðir hafa vafalaust í för með sér kjararýrnun, a. m. k. um stund. Eftir er nú að vita, hvernig alþýða manna bregzt við. Það er talið nokkuð víst, að ekki hafi nokkur önnur stjórn í Frakklandi þurft að lögbjóða nema sem svaraði eins og einum tíunda hluta af þessum efnahagsráðstöfunum, til þess að búið hefði verið að boða til allsherjarverkfalls innan sólarhrings frá gildistöku laganna. Reynir nú á vinsældir De Gaulles og traust þjóðarinnar til félaga hans, því undir þróun verðlags- og kaupgjaldsmála á næstu mánuðum er komið, ekki aðeins, hvort tilraun Pinays til viðreisnar frönskum fjármálum heppnast, heldur verður jafnframt skorið úr um örlög De Gaulles og ríkisstjórnar hans.

Frakkar hafa samþykkt stefnu De Gaulles, og nú verða þeir að greiða fyrir hana, en vilja þeir innleysa víxilinn? Verðlag mun hækka í Frakklandi um 3—4 stig vegna þess að hætt er að greiða vísitöluna niður, og aðrar verðhækkanir geta einhverjar orðið, enda þótt frjáls innflutningur eigi með aukinni samkeppni að hamla þar í móti. Hins vegar má verðlag ekki hækka meir en sem nemur 8% í heild, ef tilraunin á að takast. Mikið veltur því á, að verklýðsfélögin hrindi ekki af stað nýjum reipdrætti verðlags og kaupgjalds. Þá er og áriðandi, að niðurfærslan gangi ekki heldur svo langt, að hjól verðhjöðunar og samdráttar fari að snúast svo hratt, að um of dragi úr framkvæmdum og af hljótist alvarlegt atvinnuleysi.

Heimspekingurinn Salvador de Madariaga hefur sagt: „Sönn frjálslyndisstefna ein getur vísað veginn, sem liggur milli hinnar rauðu eyðimerkur og hinna svörtu frumskóga.“ Frakkar hafa valið leið hinnar frjálslyndu stefnu í efnahagsmálum. Öllum unnendum frelsis er því mikið í mun, að tilraun þeirra megi takast, því að ef frjálslynda efnahagsstefnan sýnir hæfni sína til þess að skapa þjóðunum öryggi og góð lífskjör, þá mun hún hafa meira aðdráttarafl fyrir enn óráðnar þjóðir og móta fremur val þeirra á þjóðfélagsformi og hagkerfi, heldur en sósíalískt röksemdafærsla í formi langdrægra flugskeyta og tunglskóta getur áorkað. Um það mun sagan hafa síðasta orðið.